



# Umræðuskjal

Nr. 10/2018

Drög að leiðbeinandi tilmælum nr. xx/20xx um hugtakanotkun og skýringar í ársreikningum váttryggingafélaga

Gefið út á grundvelli 2. mgr. 8. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

14. desember 2018



**FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ**  
THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

## Almennar leiðbeiningar

Umræðuskjalið er sent umsagnaraðilum og þeim gefinn kostur á að koma á framfæri umsögn eigi síðar en 11. janúar nk. Skjalið er einnig birt á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins, [www.fme.is](http://www.fme.is).

**Umsagnaraðilar eru vinsamlegast beðnir um að skila umsögnum rafrænt á sérstöku umsagnareyðublaði sem útbúið hefur verið vegna draga þessara að leiðbeinandi tilmælum.**

Umsagnareyðublaðið má nálgast á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins með því að velja „Lög og tilmæli“-flipann á forsíðu og velja svo flokkinn „Umræðuskjöl“. Umsagnareyðublaðið skal sent á netfangið [fme@fme.is](mailto:fme@fme.is).

## Inngangur

Samkvæmt 1. mgr. 53. gr. laga nr. 100/2016 um váttryggingastarfsemi skulu ársreikningar gefa glögga mynd af fjárhagsstöðu og rekstrarafkomu váttryggingafélaga og ber félögunum að semja ársreikninga sína í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla. Þær upplýsingar sem eru ekki staðlaðar í alþjóðlegum reikningsskilastöðum hefur Fjármálaeftirlitið eftirlit með að séu settar fram á samræmdan hátt, sbr. 3. mgr. 53. gr. sömu laga.

Til samræmis við hlutverk sitt hefur Fjármálaeftirlitið ákveðið að gefa út leiðbeinandi tilmæli um hugtakanotkun og skýringar í ársreikningum váttryggingafélaga með vísan til 2. mgr. 8. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Váttryggingafélög heyra undir eftirlit Fjármálaeftirlitsins og er váttryggingastarfsemi í eðli sínu bæði sérhæfð og flókin. Tilgangur tilmællanna er að skýra hugtakanotkun og framsetningu lykilstærða með því markmiði að stuðla að auknu gagnsæi og samræmi í efni og framsetningu fjárhagsupplýsinga váttryggingafélaga.

Við gerð tilmællanna var höfð hliðsjón af þeim venjum sem skapast hafa á váttryggingamarkaði, en jafnframt var horft til þeirrar þróunar sem hefur orðið á markaðnum, sérstaklega með innleiðingu Solvency II tilskipunarinnar.<sup>1</sup> Einnig var horft til reglna og framkvæmdar í nágrannalöndunum við gerð tilmællanna.

Solvency II er regluverk sem fjallar um varúðarkröfur til váttryggingafélaga. Til að öll félög á Evrópska efnahagssvæðinu lúti sömu varúðarkröfum þarf mat á liðum í efnahagsreikningi að vera eins samræmt og kostur er. Um váttryggingaskuld gilda sérstakar reglur sem kveða á um að fjárhæð hennar skuli samsvara þeirri fjárhæð sem gera má ráð fyrir að önnur váttryggingafélög áskilji sér til þess að taka að sér og standa við þær skuldbindingar sem váttryggingaskuld félagsins er ætlað að mæta. Váttryggingaskuld er í flestum tilvikum metin sem summa besta mats og áhættuálags og núvirt miðað við svokallaðan áhættulausan vaxtaferil. Ekki er sjálfgefið að sömu uppgjörsaðferðir séu notaðar í ársreikningum sem fylgja alþjóðlegum reikningsskilastöðlum. Meirihluti váttryggingafélaga hefur þó valið þá leið að tjónaskuld í ársreikningum sé sú sama og í Solvency II en iðgjaldaskuld í ársreikningi er metin með einfaldari hætti eins og áður hefur tíðkast.

Umfjöllun um váttryggingaskuld miðast við skaðatryggingafélög sem skipta váttryggingaskuld í iðgjaldaskuld og tjónaskuld. Beita má þeim á starfsemi líftryggingafélaga eftir því sem við á, t.d. ef líftryggingafélag kys að skipta váttryggingaskuld upp í iðgjaldaskuld og tjónaskuld. Hafa ber í huga að sumar kennitölur eiga síður við um líftryggingastarfsemi, t.d. samsett hlutfall

Í þessum tilmælum er því beint til váttryggingafélaga að einangra áhrif núvirðingar á tjónaskuld. Það sem eftir stendur í breytingu á tjónaskuld kallast breyting vegna váttryggingarekstrar sem er talin eiga betur heima í matsbreytingu tjónaskuldar.

Þá er í tilmælunum beint til váttryggingafélaga að reikna fjárfestingartekjur af váttryggingastarfsemi miðað við meðalstöðu eigin iðgjaldaskuldar. Í eldri reglugerð nr. 613/1996 gegndu fjárfestingartekjur af váttryggingastarfsemi því hlutverki að leiðrétta afkomu af váttryggingastarfsemi fyrir áhrifum núvirðingar þar sem váttryggingaskuld var almennt ekki núvirt. Fluttar voru fjárfestingartekjur frá fjármálastarfsemi yfir á váttryggingastarfsemi sem svöruðu til reiknaðrar ávöxtunar af meðaltali eigin váttryggingaskuldar miðað við gefna ávöxtunarkröfu á reikningsárinu. Í ljósi þess að tjónaskuld er í dag núvirt er ekki lengur þörf á slíkri leiðréttingu. Því reiknast fjárfestingartekjur af váttryggingastarfsemi samkvæmt

---

<sup>1</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB frá 25. nóvember 2009 um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði váttrygginga og endurtrygginga (Solvency II) var innleidd í íslensk lög með lögum nr. 100/2016 um váttryggingastarfsemi.

tilmælunum eingöngu af meðalstöðu eigin iðgjaldaskuldar á reikningstímabilinu.

Tilmælin taka ekki sérstaklega til árshlutauppgjöra en eðlilegt er að sömu matsaðferðir séu notaðar þar. Hér er því talað um reikningsár en við gerð árshlutauppgjöra er réttara að tala um reikningstímabil.

Fjármálaeftirlitið óskar eftir því að váttryggingafélög taki fram í ársreikningum að þau vinni eftir þessum tilmælum.

# 1. Gildissvið og skilgreiningar

## 1.1 Gildissvið

Leiðbeinandi tilmæli þessi ná til váttryggingafélaga sem starfa í samræmi við lög nr. 100/2016 um váttryggingastarfsemi, að undanskildu félögum sem falla undir takmarkað gildissvið laganna sbr. 3. gr.

## 1.2 Skilgreiningar hugtaka

1. *Breyting á iðgjaldaskuld*: Iðgjaldaskuld í lok ársins að frádreginni iðgjaldaskuld í upphafi ársins.
2. *Breyting á besta mati tjónaskuldar*: Besta mat tjónaskuldar í lok ársins að frádregnu besta mat tjónaskuldar í upphafi ársins skiptist í eftirfarandi tvo liði:
  - a. *Breyting vegna afvöxtunar*: Sú fjárhæð sem fæst með því að reikna besta mat tjónaskuldar fyrra árs með núverandi afvöxtunarkröfu að frádregnu besta mati í upphafi reikningsársins.
  - b. *Breyting vegna váttryggingarekstrar*: Breyting á á besta mati tjónaskuldar að frádregnum breytingum vegna afvöxtunar.
3. *Bókfærð iðgjöld*: Heildarfjárhæð iðgjalda vegna þeirra váttryggingarsamninga sem félagið hefur gert á reikningsárinu í frumtryggingum og endurtryggingum hvort sem iðgjöldin eru greidd eða ógreidd. Bókfærð iðgjöld eru færð að frádregnum endurgreiddum og niðurfelldum iðgjöldum. Einnig er afsláttur af iðgjöldum sem veittur er án tillits til tjónareynslu dreginn frá. Gjöld til opinberra aðila sem innheimt eru með iðgjöldum eru ekki færð undir þennan lið. Þegar um samtryggingu er að ræða er eingöngu færður sá hluti iðgjaldsins sem samsvarar þátttöku félagsins.
4. *Iðgjöld ársins*: Bókfærð iðgjöld að viðbættri breytingu á iðgjaldaskuld.
5. *Tjón ársins*: Bókfærð tjón að viðbættri breytingu á besta mati tjónaskuldar og breytingu á áhættuálagi.
6. *Hlutfall eigin áhættu*: Hlutfallið milli iðgjalda ársins að frádregnum hluta endurtryggjenda og iðgjalda ársins.
7. *Matsbreyting á tjónaskuld*: Munurinn á besta mati tjónaskuldar, leiðrétt fyrir áhrifum gengisbreytinga, í upphafi reikningsárs og þeirri heildarfjárhæð sem greidd var á reikningsárinu vegna tjóna fyrri ára ásamt þeirri fjárhæð sem eftir stendur af tjónaskuld vegna óuppgerðra tjóna fyrri ára. Breytingar vegna afvöxtunar dragast frá þessari fjárhæð.
8. *Hlutfallsleg matsbreyting tjónaskuldar*: Matsbreyting á tjónaskuld sem hlutfall af tjónaskuld í upphafi reikningsárs.
9. *Tjónahlutfall*: Hlutfallið milli tjóna ársins og iðgjalda ársins.
10. *Rekstrarkostnaður vegna váttryggingastarfsemi*: Kostnaður félagsins við öflun váttrygginga og rekstur váttryggingastofnsins svo sem launakostnaður vegna þessa rekstrarþátta, innheimta iðgjalda, umboðslaun og ágóðahlutdeild, kostnaður við markaðssetningu og sölu, leigukostnaður, skrifstofu- og stjórnunarkostnaður, þar með talinn kostnaður við skrifstofubúnað og afskriftir á eignum.
11. *Hreinn rekstrarkostnaður*: Rekstrarkostnaður vegna váttryggingastarfsemi að frádregnum

umboðslaunum og ágóðahluta frá endurtryggjendum.

12. *Rekstrarkostnaður vegna fjárfestinga og annarrar starfsemi:* Undir rekstrarkostnað vegna fjárfestinga og annarrar starfsemi skal færa:
  - a. Skrifstofu- og stjórnunarkostnað við umsýslu og stjórnun fjárfestinga félagsins.
  - b. Vaxtagjöld, verðbætur og önnur hliðstæð gjöld af skuldum og reiknuðum skuldbindingum félagsins.
  - c. Rekstrarkostnað vegna fasteigna í eigu félagsins sem ekki eru til eigin nota.
  - d. Annan kostnað en þann sem rekja má til öflunar váttrygginga og reksturs váttryggingastofns.
13. *Aðrar tekjur:* Fengin umboðslaun, tekjur af stjórnun annarra félaga og allar aðrar tekjur sem ekki má rekja til váttryggingarekstrarins eða fjárfestingastarfseminnar. Séu fjárhæðir undir þessum lið verulegar skal gerð grein fyrir þeim í skýringum.
14. *Fjárfestingartekjur af váttryggingastarfsemi:* Fjárfestingartekjur vegna ávöxtunar af meðalstöðu eigin iðgjaldaskuldar á reikningstímabilinu. Við útreikning fjárfestingatekna skal notast við viðeigandi áhættulausan vaxtaferil skv. 77. gr. laga um váttryggingastarfsemi í samræmi við væntan meðallíftíma iðgjaldaskuldar.
15. *Kostnaðarhlutfall:* Hlutfallið milli hreins rekstrarkostnaðar og iðgjalda ársins.
16. *Endurtryggingakostnaður:* Allur kostnaður sem váttryggingafélag hefur á uppgjörstímabilinu greitt eða skuldbundið sig til að greiða fyrir endurtryggingarvernd.
17. *Nettó hlutur endurtryggjenda:* Endurtryggingakostnaður að frádregnum hluta endurtryggjenda í tjónum ársins og öðrum tekjum félagsins frá endurtryggjendum.
18. *Endurtryggingahlutfall:* nettó hlutur endurtryggjanda sem hlutfall af iðgjöldum ársins.
19. *Samsett hlutfall:* Heildarsumma af tjónahlutfalli, kostnaðarhlutfalli og endurtryggingahlutfalli.
20. *Rekstrarhlutfall:* Samsett hlutfall að viðbættum fjárfestingatekjum af váttryggingarekstri og öðrum tekjum af váttryggingarekstri í nefnara.
21. *Arðsemi eigin fjár:* Hagnaður eða tap ársins sem hlutfall af meðalstöðu eigin fjár.
22. *Gjaldþolshlutfall:* Hlutfall gjaldþols og gjaldþolskröfu skv. lögum um váttryggingastarfsemi. Hafi stjórn félagsins lagt til að arður sé greiddur vegna síðasta rekstrarárs skal hlutfallið taka mið af þeirri tillögu.
23. *Lágmarksfjármagnshlutfall:* Hlutfall gjaldþols og lágmarksfjármagns.

## 2. Skýringar

### 2.1 Gjaldþol

Í skýringum skal birta upplýsingar um fjárhagslega stöðu og gjaldþol váttryggingafélags í samræmi við matsreglur Solvency II. Að lágmarki skal gera grein fyrir upplýsingum í samræmi við formin hér að neðan.

Gjaldþol	20xx	20xx-1
Gjaldþol.....		
Gjaldþolskrafa (SCR).....		
Gjaldþolshlutfall.....		
Lágmarksfjármagn (MCR).....		
Lágmarksfjármagnshlutfall.....		
Gjaldþolskrafa		
	20xx	20xx-1
Líftryggingaáhætta.....		
Heilsutryggingaáhætta.....		
Skaðatryggingaáhætta.....		
Markaðsáhætta.....		
Mótaðilaáhætta.....		
Fjölbættingaráhrif.....		
Rekstraráhætta.....		
Áhætta vegna óefnislegra eigna.....		
Áhætta vegna frestaðra skatta.....		
Gjaldþolskrafa (SCR).....		

## 2.2 Fimm ára yfirlit

Í skýringum skal vera yfirlit með helstu niðurstöðutölum og kennitölum úr rekstri og efnahag váttryggingafélags í heild á reikningsárinu og samsvarandi upplýsingar fjögurra undangenginna reikningsára. Sé ekki unnt að birta upplýsingar vegna alls tímabilsins skal birta upplýsingar eins langt og unnt er, þó það nái til skemmra tímabils en fimm ár.

Upplýsingar sem fram koma í fimm ára yfirliti skulu eins og frekast er unnt vera sambærilegar milli ára. Gera þarf grein fyrir því ef svo er ekki.

Í fimm ára yfirliti skulu að lágmarki koma fram eftirfarandi fjárhagsupplýsingar:

1. Iðgjöld ársins.
2. Tjón ársins.
3. Hlutfall eigin áhættu.
4. Hreinn rekstrarkostnaður.
5. Hagnaður eða tap af váttryggingarekstri.
6. Hagnaður eða tap af fjármálarekstri.
7. Hagnaður eða tap ársins fyrir skatta.
8. Matsbreyting á tjónaskuld.
9. Váttryggingaskuld.
10. Heildareignir.
11. Eigið fé.

Í yfirlitinu skal að lágmarki gera grein fyrir eftirfarandi kennitölum:

1. Tjónahlutfall.
2. Kostnaðarhlutfall.
3. Endurtryggingahlutfall.
4. Samsett hlutfall.
5. Rekstrarhlutfall.
6. Hlutfallsleg matsbreyting tjónaskuldar.
7. Arðsemi eigin fjár fyrir skatt.
8. Arðsemi eigin fjár eftir skatt.
9. Gjaldþolshlutfall.
10. Lágmarksfjármagnshlutfall

*Fjármálaeftirlitinu,*

*xx.xxxx 2018*

**Unnur Gunnarsdóttir.**

*Rúnar Guðmundsson*